



BORGARSKJALASAFN
REYKJAVÍKUR

Einkaskjalasafn nr. 490

Egill Kristbjörnsson

(1916 – 2012)

og

Kristbjörn Einarsson

(1881 – 1948)

Skjalaskrá

Borgarskjalasafn Reykjavíkur, Tryggvagötu 15, 101 Reykjavík

www.borgarskjalasafn.is / borgarskjalasafn@reykjavik.is

Einkaskjalasafn nr. 490

Egill Kristbjörnsson

(1916 – 2012)

og

Kristbjörn Einarsson

(1881 – 1948)

Egill Kristbjörnsson fæddist 24. ágúst 1916 í Reykjavík.

Foreldrar hans voru þau Guðrún Jónsdóttir (1889-1918) og Kristbjörn Einarsson (1881-1948) skipstjóri og gasvirki við Gasstöðina í Reykjavík. Egill missti móður sína í spænsku veikinni 1918. Við heimilinu tók Sara Dórótea Wilhelmína Kristjánsdóttir (1895-1990), seinni kona föður Egils. Annaðist hún börnin og ól upp ásamt föður þeirra.

Kona Egils, 20. febrúar 1948, var Ingigerður Jónsdóttir, fædd 1. febrúar 1921 í Reykjavík, dáin 4. janúar 2012. Foreldrar hennar voru þau Jón Kristjánsson (1883-1938) og Guðbjörg Sigríður Jónsdóttir (1887-1962).

Börn Egils og Ingigerðar eru: Auður (1947), Kristbjörn (1949) Guðbjörg (1951) og Logi (1952). Egill og Ingigerður héldu alla tíð myndarlegt heimili, lengst af á Laugavegi 58b og síðar á Aflagrandu 40. Þau ferðuðust mikið um landið og fóru margar ferðir til Auðar dóttur sinnar og Einars í Lúxemborg þegar þau bjuggu þar.

Egill lærði gasvirkjun í Gasstöð Reykjavíkur. Hann starfaði hjá Rafmagnsveitu Reykjavíkur, á bæjarskrifstofum Reykjavíkur og hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga. Egill var frumkvöðull í hálendis- og jöklaferðum. Hann tók þátt í fjölda leiðangra um jökla og óbyggðir með fræðimönnum og leikmönnum sem rannsakað hafa jökla og eldfjöll, notið útivistarinnar þar, eða sinnt björgunarstörfum. Síðla vetrar 1951 réðu Loftleiðir Egil til að vera leiðangursstjóra við björgun bandarískrar björgunarflugvélarinnar af Vatnajökli, en vélin hafði legið vetrarlangt á jöklinum eftir að hafa lent þar vegna björgunar flugvélarinnar Geysis, sem týndist á Vatnajökli 14. september 1950. Hann gekk ungur í Knattspyrnufélagið Val og keppti þar í 15 ár. Hann varð fimm sinnum Íslandsmeistari í knattspyrnu og varð fyrsti Íslandsmeistari í handknattleik. Egill hlaut Valsorður úr silfri 1976 og úr gulli á aldarafmæli félagsins 2011. Hann var félagi í skíðadeild Ármanns og reisti ásamt fimm félögum skíðaskála í Bláfjöllum sem þeir kölluðu Himnaríki.

Egill andaðist 8. september 2012.

Kristbjörn Einarsson fæddist 19. nóvember 1881, í Bergshúsi að Skólavörðustíg 10 í Reykjavík.

Foreldrar hans voru þau Guðrún Benjamínsdóttir (1854-1921) og Einar Eyjólfsson (1832-1902). Kristbjörn ólst upp í Engey til níu ára aldurs. Mæðginin voru þar hjá Ragnhildi Ólafsdóttur og Bjarna Magnússyni. Þaðan fluttist hann með móður sinni til Flateyjar á Breiðafirði þar sem þau bjuggu hjá Eyjólfí Jóhannessyni kaupmanni og konu hans Sigurborgu Ólafsdóttur. Tólf ára tók hann að stunda sjómennsku, bæði á opnum skipum og þilskipum og var ætlun hans að gera sjómennsku að ævistarfi sínu. Hann fluttist úr Flatey til Reykjavíkur 1898. Í Sjómannaskólann fór Kristbjörn svo 19 ára gamall og útskrifaðist þaðan með hið minna íslenska stýrimannapróf þann 7. apríl árið 1903. Hann var háseti á *Kúttar Kjartani* frá Hafnarfirði, fiskveiðitímann árið 1902 hjá Halldóri Friðrikssyni skipstjóra. Útgerðarárið 1903 er hann háseti á fiskveiðiskipinu *Íslandi* hjá Jóni Th. Hanssyni skipstjóra. Báðir þessir skipstjórar taka fram, í meðmælabréfum, að Kristbjörn sé vel lagaður til að stjórna skipum og hafa mannaforráð. Varð hann brátt stýrimaður og síðan skipstjóri og oft fenginn til að sigla skipum heim frá öðrum löndum.

Fyrri kona Kristbjörns, gift 9. október 1909, var Guðrún Jónsdóttir fædd 12. nóvember 1889 á Klöpp í Reykjavík. Hún lést úr spænsku veikinni í nóvember 1918. Seinni kona Kristbjörns, gift 9. október 1919, var Sara Dórótea Wilhelmína Kristjánsdóttir fædd 20. maí 1895 í Álftavík í Norður-Múlasýslu, dáin 8. febrúar 1990 í Reykjavík. Börn Kristbjörns og Guðrúnar voru: Guðrún Sigurborg (1910-1984), Jón Karel (1911-1933), Karítas Ósk (1913-1998), Anna Magnea (1915-1920), Egill Ágúst (1916-2012) og Svanhvít Svala (1918-1998). Sonur Kristbjörns og Söru var Guðmundur (1920-1920).

Árið 1909 var farið að byggja Gasstöð Reykjavíkur og var það meira af tilviljun að Kristbjörn hóf hinn 4. september störf við þá byggingu og ílentist þar. Borgarstjórinn í Reykjavík skipaði hann gasvirkjara við Gasstöð Reykjavíkur 31. janúar 1920 og þar vann hann þar til hann lét af störfum vegna heilsubrests árið 1943. Í Gasstöðinni lagði hann gjörva hönd á flest svo sem: lagnir í hús, viðgerðir á tækjum og lögnum, afgreiðslu- og skrifstofustörf o.fl. Um mörg ár hafði hann þann starfa að hlýða dag-, nætur- og helgidagakalli þegar ólag var á gaslögnum eða tækjum í húsum bæjarins og var það oft æði ónæðissamt. Leysti hann þar hvers manns vanda og var vinsæll af bæjarbúum. Hann var einnig um margra ára skeið í Slökkviliði Reykjavíkur.

Um tíma starfaði hann í Góðtemplarareglunni og kom þar mikið við sögu. Hann þótti góður skemmtikraftur til dæmis leikari og tók mikinn þátt í leikstarfinu þar enda var hann léttur í lund

og hafði næmt auga og eyra fyrir því sem er spaugsamt og sérkennilegt. Hann komst jafnvel upp á svið hjá Leikfélagi Reykjavíkur í *Ræningjunum* eftir Schiller.

Alla tíð var hann áhugamaður um íþróttir og fylgdist af áhuga með öllum íþróttakeppnum og leikmótum sem fram fóru, enda synir hans tveir Jón Karel og Egill annálaðir íþróttamenn á sinni tíð og kepptu með Val í fótbolta og handbolta. Sjálfur lærði hann sund þegar hann var í sjómannaskólanum hjá Páli Erlingssyni og var ótítt þá að menn lærðu sund.

Kristbjörn andaðist 18. júní 1948.

(Heimild: Upplýsingar um Egil og Kristbjörn sem fylgdu með skjalasafninu og eru settar fremst í öskju nr. 1).

Afhending: Kristbjörn Egilsson færði Borgarskjalasafni skjalasafnið 31. janúar 2013.

Tímabil: 1904-2006.

Innihald: Bréf, skjöl, gestabækur o.fl.

Skjalaskrá

Egill Kristbjörnsson

Bréfa- og málafn

Askja 1

Bréfa- og málafn 1904-2005.

Örk 1

Fæðingar- og skírnavottorð. Egill Ágúst Kristbjörnsson, dagsett 12. október 1942.

Frumbólusetningarvottorð Egils Á. Kristbjörnssonar, 28. maí 1921.

Endurbólusetningarvottorð Egils Á. Kristbjörnssonar, 16. apríl 1930.

Fermingarkort Egils Á. Kristbjörnssonar, 1925.

Námssamningur Egils Á. Kristbjörnssonar, frá 1. júní 1934 til 1. júní 1937.

Forseti Íslands. Hjónavígslubréf fyrir Egil Ágúst Kristbjörnsson og Ingigerði Jónsdóttur, 3. janúar 1948.

Knattspyrnufélagið Valur, skuldabréf, 1. júní 1939 og vísur um Val og Valsmenn líklega frá 1937.

Heillaóskaskeyti til Egils Á. Kristbjörnssonar frá Eyfa og Herði, 24. ágúst 1943.

Afsalsbréf. Egill Á. Kristbjörnsson og Sveinn M. Ólafsson selja sumarbústað sinn til Farfugladeildar Reykjavíkur, 26. maí 1944, afrit.

Skógarmenn K.F.U.M., gjafahlutur, Egill Á. Kristbjörnsson gefur til byggingar skála í Vatnaskógi, 1. apríl 1942.

Umslag merkt Agli. Í því er bréf frá Utanríkisráðuneytinu 26. mars 1945, þar sem tilkynnt er að borist hafi bréf frá sendiherra Breta, þar sem hann og yfirmenn breska flugliðsins á Íslandi senda þakkir til Egils, vegna aðstoðar hans þegar bresk flugvél hrapaði nálægt Vífilsfelli 6. febrúar 1945, tvö afrit.

Með því fylgir bréf frá G. H. Boyce til Mr. Shephard, Royal Air Force Iceland, vegna flugslyssins frá 13. febrúar 1945, 2 afrit.

Umslag með ljósmyndum og filmum af flaki breskrar flugvélar sem hrapaði nálægt Vífilsfelli:

Ljósmynd 1. Aftan á hana er ritað, *Ansonsvél frá hernum fórst rétt fyrir sunnan Kóngsfell.*

Ljósmynd 2. Aftan á hana er ritað, *Ansonsvél frá Breska hernum, sunnan Kóngsfells.*

Ljósmynd 3. Aftan á hana er ritað, *Kóngsfell og Vífilsfell í baksýn.*

Sex filmur. Á bréf utan um þær er ritað, *Anson flugvél austan Kóngsfells*.
Ferðafélag Íslands býður Agli Á. Kristbjörnssyni að vera gestur á skemmtifundi, 18. janúar 1947.
Sakadómariinn í Reykjavík. Sakavottorð fyrir Egil Á. Kristbjörnsson, 26. júní 1948.
Bréf til bæjarráðs Reykjavíkur vegna íbúðaúthlutunar, 27. apríl 1950, afrit
Græna matstofan. Hlutaþríf, 28. desember 1950 (2 bréf) og styrktarbréf og kort, í janúar 1951.
Skeyti til Egils Á. Kristbjörnssonar frá Gusa og Ármenninum, undirritað af Guðmundi Jónassyni, 10. júní 1954.
Bréf frá Agli Á. Kristbjörnssyni til bæjarráðs Reykjavíkur þar sem hann fer fram á launaflokkahækkun, 11. mars 1958, afrit.
Félagatal/ kjörskrá, 2. starfsdeild Starfsmannafélags Reykjavíkur, Rafmagnsveitan, án árs.
Bréf frá stjórn Náttúrulækningafélags Reykjavíkur (N.L.F.R.), 8. maí 1961.
Skrifstofur Reykjavíkurborgar. Launayfirlit Egils Á. Kristbjörnssonar 1934-1955, 20. júlí 1972.
Umslag sem á stendur Borgarskjalsafn. Í því er filma með mynd af manni sem líklega er Egill Á. Kristbjörnsson.

Örk 2

Skuldabréf. Tryggvi Matthíasson tekur lán hjá Jóni Guðmundssyni, 15. júní 1904. Jón Guðmundsson framselur skuldabréfið til Guðlaugs Ingimundarsonar, 3. janúar 1905. Bréfið er uppgreitt 21. febrúar 1929.
Bæjarfógetinn í Reykjavík. Virðingargjörð húseignarinnar að Laugavegi nr. 58b, 7. febrúar 1919.
Köbstæðernes almindelige brandforsikring. Brunatrygging Laugavegar nr. 58b, 10 febrúar 1919.
Afsal. Sigríður Jónsdóttir selur Kristbirni Einarssyni Laugaveg nr. 58b, 12. febrúar 1919.
Afsal. Egill Á. Kristbjörnsson selur Rafmagnsveitu Reykjavíkur bifreiðina R 5194, 15. júní 1951.
Afsal. Erfingjar Kristbjörns Einarssonar selja Agli Á. Kristbjörnssyni eignarhlut þeirra í húseigninni að Laugavegi 58b, en Sara D. W. Kristjánsdóttir selur aðeins 9/40 hluta af sinni eign í því, 20. júní 1951.
Egill Kristbjörnsson og Sveinn M. Ólafsson, teikning af sumarhúsi, undirrituð af Héðni, 5. maí 1942.
Kaupsamningur. Bjartey Friðriksdóttir selur Agli Á. Kristbjörnssyni sumarhúsið í Geithálslandi, 13. apríl 1956. Tvö eintök eru af samningnum og á annað eintakið er skrifað: Að fullu greitt 4. október 1956.
Teikning af Laugavegi 58b, breyting, 11. maí 1960.
Umboð. Sara Kristjánsdóttir veitir Agli Á. Kristbjörnssyni umboð til að taka lán út á hennar hlut í Laugavegi 58b, 5. apríl 1961.
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurbæjar. Skuldabréf Egils Á. Kristjánssonar, 10. júlí 1961, afrit.
Brunabótafélag Íslands. Brunatrygging Laugavegs 58b, 16. ágúst 1961.
Borgarstjórnin í Reykjavík. Egill Á. Kristbjörnsson er ráðinn í fulltrúastöðu hjá Innheimtudeild borgarsjóðs, 18. ágúst 1965.
Veðbókarvottorð. Húseignin Laugavegur 58b, 24. apríl 1962.
Byggingasamvinnufélag starfsmanna Reykjavíkurbæjar. Skuldabréf, 25. apríl 1962.
Brunabótafélag Íslands. Brunatrygging Laugavegs 58b, 3. september 1962.

Umslag.

Vegabréf Egils Á. Kristbjörnssonar, 11. ágúst 1939.
Vegabréf Egils Á. Kristbjörnssonar, 13. maí 1983.
Nafnskírteini Egils Á. Kristbjörnssonar, 11. desember 1947.
Ökuskírteini Egils Á. Kristbjörnssonar, 30. ágúst 1956.
Ökuskírteini Egils Á. Kristbjörnssonar, 2005-2006.
Skotvopnaleyfi til Egils Á. Kristbjörnssonar, 7. ágúst 1937.
Skotvopnaleyfi til Egils Á. Kristbjörnssonar, 22. mars 1995.
Sjúkrasamlag Reykjavíkur, tryggingaskírteini Egils Á. Kristbjörnssonar, 24. ágúst 1916.
Sjúkrasamlag Reykjavíkur, tryggingaskírteini Egils Á. Kristbjörnssonar og Ingigerðar Jónsdóttur, mars 1989.
Tryggingastofnun Ríkisins, tryggingaskírteini, 1946-1955.
Tryggingastofnun Ríkisins, tryggingaskírteini Egils Á. Kristbjörnssonar, 3. september 2001.
Tryggingastofnun Ríkisins, tryggingaskírteini Egils Á. Kristbjörnssonar, 3. september 2004.
Tryggingastofnun Ríkisins, tryggingaskírteini Egils Á. Kristbjörnssonar, 3. september 2005.
Bólusetningarskírteini Egils Á. Kristbjörnssonar, 1972-1977.
Bréf um bensínkömmun fyrir bifreiðina R-5194, 1949.
Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, tékkhefti, 1940-1948, inni í heftinu er kvittun fyrir innborgun frá Húsgagnaverkstæðinu Björk, 19. október 1945 og beiðni um jólaúthlutun á áfengi, 18. desember 1942.
Landsbanki Íslands, sparisjóðsbók nr. 10566, 1935-1967.

Landsbanki Íslands, sparisjóðsbók nr. 74675, 1952-1967.
Pöntunarfélag Náttúrulækningafélags Reykjavíkur, stofnsjóðsbók, 1953-1960.
Ferðafélag Íslands, ársskírteini, 1939.
Ferðafélag Íslands, ársskírteini, 1943.
Félagið 17. júní, stofnskírteini og árgjald, 1949.
Knattspyrnufélagið Valur, árgjald, 1966.

Vasabækur merktar *Knattspyrnufélagið Valur*, líklega frá Agli Á. Kristbjörnssyni, 1940 og 1943.

Umslag.

Nafnskírteini Ingigerðar Jónsdóttur, 16. desember 1947.
Sjúkrasamlag Reykjavíkur, tryggingaskírteini Ingigerðar Jónsdóttur, 1942-1958.
Alþýðusamband Íslands, félagsskírteini Ingigerðar Jónsdóttur, 1940-1944.
Frumbólusetningarvottorð Auðar Egilsdóttur, 24. maí 1950.
Sparimerkjabók Auðar Egilsdóttur, Austurbæjarskóla bekk 7-C.
Vegabréf Söru D. W. Kristjánsdóttur, 3. febrúar 1942.
Nafnskírteini Guðbjargar Sigríðar Jónsdóttur, 15. desember 1947.

Umslag.

Jóla- og póstkort, 1935-1956. Sjónvottorð fyrir Egil Á. Kristbjörnsson, 1948. Skömmunarseðlar fyrir mjólk, 1955-1956. Íþróttavöllurinn í Reykjavík, aðgöngumiði, án árs. Happraætti Jósepsdals 1 miði, 1940. Merki: ÍR, BÍF, Á o.fl.

Örk 3

Handskrifað bréf eða frásögn, ferðalag um verslunarmannahelgi inn í Landmannaafreitt, 14. maí 1953.
Handskrifuð frásögn: *Sumarfrí 16. júlí til 3. ágúst 1938*, án undirskriftar.
Úrklippa úr *Þjóðviljanum*, „Eyfirðingavegur- frá Hveravöllum norðan Hofsjökuls- farinn í bílum í fyrsta sinn“, Egill Kristbjörnsson var bílstjóri í báðum ferðum, 13. september 1949.
Úrklippa úr *Vísi*, „Erfiðleikar á Búðarhálsi“, Egill Kristbjörnsson var með í þeirri ferð, 17. nóvember 1964.
Handskrifaður listi yfir útbúnað í ferð austur á Tindafjallajökul, 1943 og listi yfir matvöru
Vélritaður listi yfir útbúnað og matvöru sem þarf í ferðalög, 2 eintök.
Ljóð og vísur, án árs.

Örk 4

Handskrifuð frásögn frá Agli Á Kristbjörnssyni í október 1950. Þar er sagt frá upphafi tilraunar til að bjarga bandarísku skíðaflugvélinni sem festist á Bárðarbungu þegar átti að bjarga flugvélinni Geysi.
Bréf frá Loftleiðum h.f. Agli Á. Kristbjörnssyni er falið að vera leiðsögumaður og fararstjóri í ferð á Vatnajökul að flaki flugvélarinnar Geysis, 7. apríl 1951, frumrit og afrit.
Samningur milli Loftleiða og Egils Á. Kristbjörnssonar, 7. apríl 1951, frumrit og afrit.
Sjóvátryggingafélag (félag) Íslands, trygging fyrir Egil Á. Kristbjörnsson, 7. apríl 1951, frumrit og afrit.
Handskrifað blað, frásögn af björgunarleiðangri, 8.-20. apríl, án árs.
Bréf frá Filippusi Gunnlaugssyni þar sem hann óskar Agli til hamingju með björgun flugvélarinnar, 7. maí 1951.
Jólaort frá Loftleiðum, 1951.
Særtrygg av Norsk PolaTidende, Polrårboken, þar er sagt frá leiðangrinum á Vatnajökul, 1951.
Fálkinn, sagt frá leiðangri á Vatnajökul til mælinga og annarra athugana, 31. janúar 1947, ljósrít.
Umslag: 8 ljósmyndir, teknar í apríl 1951.
1. Kristinn Olsen í apríl 1951 á Kirkjubæjarklaustri.
2. Kirkjubæjarklaustri í apríl 1951, Gerhard, Alfred, Guðsteinn, Egill.
3. Guðmundur og Ari í apríl 1951.
4. Hrafn Jónsson í apríl 1951.
5. Þorleifur Guðmundsson í apríl 1951.
6. Gísli Sigurjónsson í apríl 1951.
7. Guðsteinn Sigurgeirsson í apríl 1951.
8. Innrieyrar í apríl 1951.
Vísir. „Grímsvatnagos í vændum?“, grein og kort, 3. ágúst 1945, ljósrít.
Kristinn Olsen- svipmyndir frá litríkum flugmannsferli, bók, 1988.

Örk 5

Bréf, póstkort, ljósmynd og jólakort sem Skarphéðinn (Héðinn) Jóhannsson (1914-1970) sendi Agli Kristbjörnssyni frá Kaupmannahöfn, þegar hann var þar við nám í arkitektúr og síðar, 1941-1966. Síðasta skjalið er sálmaskrá vegna jarðarfarar Skarphéðins í mars 1970.

Askja 2

Bréfa- og málafn 1935-1939.

Örk 1

Þýskalandsferð 21. ágúst til 1. september 1939.

Handskrifað blað: Knattspyrnuferðalag Vals og Víkings í ágúst 1939, nöfn fararstjóra og þátttakenda í ferðinni.

Ferðaáætlun 21. ágúst til 1. september 1939.

Valsblaðið, bls. 5-12, þar er meðal annars sagt frá ferðinni.

Töskumerki Egils Á. Kristbjörnssonar.

Fáni og veifa með hakakrossi.

Krupp, bæklingur úr verksmiðjunni, án árs.

Gross-Duisburg, program 16.-31. ágúst 1939.

Umslag: Á því stendur Essen, tvær ljósmyndir af Agli Á. Kristbjörnssyni, ferðabæklingar, kort o.fl., 1939.

Póstkort frá Þýskalandi, aftan á mynd af skipi er skrifað Emden 1938.

Ljósmynd af tveim mönnum (kort), á það er skrifað ártalið 1935.

Duisburg, bók, 1937.

Die Stadt Essen, bók, 1938.

Hinir XI. Ólympisku leikar í Berlín 1936: Íslendingar og Ólympíuleikarnir, bók, 1937.

Askja 3

Bréfa- og málafn 1940-2006.

Gestabók „Himnaríkis“, skíðaskála í Bláfjöllum, 19. október 1940 til 28. mars 1948.

Aftast í bókinni eru ljósmyndir, einnig útprentuð blöð „Saga Himnaríkis“ frá Óttari Kjartanssyni (2006), en Himnaríki var skíðaskáli sem Egill Á. Kristbjörnsson o.fl., byggðu 1940. Rakin er saga Himnaríkis í máli og ljósmyndum og einnig lög skíðaskálafélagsins „K“-10 frá 1. desember 1940 og K- söngurinn. *Skjöldur*, nr. 60, 6. tbl., 15. árg., 2006. Á blaðsíðu 19-23 er frásaga eftir Óttar Kjartansson, „Saga Himnaríkis“.

Gestabók 20. júní 1970 til 17. nóvember 1979.

Fremst í bókinni er saga hússins Laufásvegs 15 (Skálholtskots), sem flutt var í Þóristungur milli Tungnaár og Köldukvíslar „ferðamönnum til skjóls og hvíldar“.

Askja 4

Prentað mál og ljósmyndir 1907-1988.

Prentað mál

Grafskrift, Guðrún Lárusdóttir, Guðrún Valgerður Sigurbjörnsdóttir, Sigrún Kristín Sigurbjörnsdóttir og Ingibjörg Kristjánsdóttir, 1938.

Grafskrift, Guðmundur J. Diðriksson, 1912.

Söngbók Knattspyrnufélagsins Vals, 1939.

Leikskrá fyrir skíðamót, 1940.

Skíðamót Reykjavíkur fyrri hluti, mótsskrá, 1943.

Skíðamót Reykjavíkur í Jósefsdal, leikskrá, 1945.

Valur 50 ára, dagskrá og söngvar, 1961.

Knattspyrnan, keppendaskrá, sumarið 1935.

Jónas og Jórunn, ástarljóð með myndum, án árs.

Knattspyrnukver, 1936.

Íþróttablaðið Sport, 2. tbl. 3. árg. 13. september 1957.

Áhrif alkóhóls, bæklingur, án árs.

Sveinn Ásgeirsson. *Innrásin í Neytendasamtökin*, 1968.

Jóhannes S. Kjarval málverksýning, sýningarskrá og boðsmíði, 1949.

Jóhannes S. Kjarval málverksýning, sýningarskrá, 1954.

Jóhannes S. Kjarval málverksýning, boðsmíði 1973.

Kjarval aldarminning, boðsmíði, 1985.

Leiðbeiningar um meðferð ungbarna, 1946.

Ármannsljóð, gefið út af skíðadeild Ármanns, 1944.

Valssöngvar o.fl., án árs.

Skíðahandbók, 1940.

Ferðafélag Íslands. *Sumarleyfis- og skemmtiferðir um Ísland*, 1941.

Erlendur Pjetursson. *Færeyjaför íslenskra knattspyrnumanna*, 1930.

Útlíf handbók í ferðamennsku, 1943.

Knattspyrnulög Íþróttasambands Íslands, 1938.

Hvað man bør se í København, líklega 1935.

Kopenhagen, ferðabæklingur, Líklega 1935.

Hvalstrand Bad, án árs.

Circus Schumann, 1935.

Lesbók Morgunblaðsins, 24. ágúst 1941.

Lesbók Morgunblaðsins, 22. febrúar 1948.

Landakort.

Einar B. Pálsson. *Fyrsti vélsleðinn á Íslandi*, erindi, án árs (sjá ljósmyndir).

Mappa: *Happdrætti Háskóla Íslands*, fundur með fréttamönnum 7. janúar 1977.

Ljósmyndir

Ljósmynd af Frederik danakonungi. Á henni stendur: Til Erindring om Kong Frederik d. 8. Islandsfærd 1907.

Ljósmynd af sveitabæ, án árs.

Ljósmynd af manni á skíðum, án árs.

Umslag með ljósmyndum, *Vatnajökull*.

Á það er ritað, *Fyrsta vélsleðaferð á Vatnajökul Vélsleðaferð á Vatnajökul í ágúst 1946. Farið upp Dyngjujökul, Bárðarbungu, Grímsvötn og Kverkfjöll*. Myndirnar eru merktar:

1. Sigurður Þórarinnsson (ágúst 1946).

2. Einar S., Einar Páls, Steinþór, Árni og Sigurður Þ., Dyngjujökull í ágúst 1946.

3. Árni og Einar Sæm.

4. Á Bárðarbungu í ágúst 1946.

5. Bárðarbunga mæld í ágúst 1956, Einar Pálsson og Steinþór.

6. Árni og Einar Sæm 1946.

7. Steinþór Sigurðarson 1946.

8. Sigurður Þórarinnsson 1946.

9. Ómerkt.

(sjá einnig: Einar B. Pálsson, *Fyrsti vélsleðinn á Íslandi*, í prentuðu máli hér að ofan).

Kristbjörn Einarsson

Bréfa- og málafn

Askja 1

Bréfa- og málafn 1901-1985.

Örk 1

Bréf til systur. Bréfitari Kristbjörn Einarsson (Einar „stopp“), 24. júní 1919.

Bréf til frænda, líklega Kristbjörns Einarssonar. Bréfitari Helga Halldórsdóttir, 24. júlí 1919.

Afmæliskort og jólamerkimiðar.

Örk 2

Bréf til Söru D. W. Kristjánsdóttur. Bréfitari Halli, jólin 1952.
Kort til Söru D. W. Kristjánsdóttur. Frá Halla, jólin 1952.
Bréf til Söru D. W. Kristjánsdóttur. Bréfitari Halli, 20. desember 1955.
Kort til Söru D. W. Kristjánsdóttur. Frá Halla, jólin 1955.
Bréf til Söru D. W. Kristjánsdóttur. Bréfitari Pétur Ólafsson, maí 1954.
Kort til Söru D. W. Kristjánsdóttur. Frá Guðbjörgu, jólin 1957.
Bréf til Söru D. W. Kristjánsdóttur. Bréfitari Guðbjörg barnabarn hennar, 6. mars 1960.
Bréf til Söru D. W. Kristjánsdóttur. Bréfitari Logi barnabarn hennar, 19. október 1962.
Bréf til Söru D. W. Kristjánsdóttur. Bréfitari Þóra Guðmundsdóttir, 24. febrúar 1965.
Bréf til Söru D. W. Kristjánsdóttur. Bréfitari Egill, 24. febrúar 1965.
Bréf til Söru D. W. Kristjánsdóttur. Bréfitari líklega Þorvaldur, 2. október 1984.
Bréf til Söru D. W. Kristjánsdóttur. Bréfitarar Ólína og Þorvaldur, í desember 1984.
Bréf til Söru D. W. Kristjánsdóttur. Bréfitari Þorvaldur, 4. febrúar 1985.

Örk 3

Lögreglustjórinn í Reykjavík. Guðmundi Kristbjörnssyni er helgaður grafreitir í Kirkjugarði Reykjavíkur, 26. mars, 1920.
Bréf Kristbjörns Einarssonar til Niðurjöfnunarnefndar, vegna útsvars, 5. maí 1925.
Starfsmenn Reykjavíkur, nafnalisti, 1929.
Sjóváttryggingarfélag (félag) Íslands, brunatrygging, 10. október 1930.
Gasstöðin 25 ára. Úrklippa úr Alpýðublaðinu, þar er mynd af Kristbirni Einarssyni, 30. júní 1935.
Skrifstofa lönsambands byggingamanna. Bréf til Kristbjörns Einarssonar um að honum sé heimilt að vinna að gaslögnum í þeim byggingum sem Sambandsmeðlimir starfa í, 13. febrúar 1936.
Landsbanki Íslands. Kristbjörn Einarsson tekur veðdeildarlán, 25. júlí 1938. Uppgreitt 7. október 1952.
Umslag. Greiðsluseðlar veðskuldabréfs nr. 348, 1943-1949. Greiðsluseðlar veðskuldabréfs nr. 304, 1943-1949.
Bréf Söru D. W. Kristjánsdóttur til fjármálaráðuneytis, vegna niðurfellingar tekjuskatts, 4. ágúst 1948, afrit.
Bréf Söru D. W. Kristjánsdóttur til bæjarráðs Reykjavíkur, vegna niðurfellingar útsvars, 4. ágúst 1948, afrit.
Fjármálaráðuneytið. Ráðuneytið fellir niður tekjuskatt, 15. september, 1948.
Borgarstjórinn í Reykjavík. Bréf til Söru D. W. Kristjánsdóttur vegna eftirlauna eftir Kristbjörn Einarsson, 3. nóvember 1948.
Bæjarfógetinn í Reykjavík. Skipting eigna úr dánarbúi Kristbjörns Einarssonar, 11. september 1950.
Egill Á. Kristbjörnsson kaupir Laugaveg 58b af öðrum eignaraðilum, 11. september 1950 (handskrifað blað).
Sara D. W. Kristjánsdóttir staðfestir að Egill Á. Kristbjörnsson hafi greitt upp í húsverðið, 20. júní 1951.
Sjóváttryggingarfélag (félag) Íslands h.f., brunatrygging, 12. október 1951.
Handskrifað blað með fæðingar- og dánardögum: Guðrún Jónsdóttir, Anna Magnea Kristbjörnsdóttir, Guðrún Benjamínsdóttir, Guðmundur Kristbjörnsson, Jón Karel Kristbjörnsson.

Örk 4

Klisja af mynd af Söru D. W. Kristjánsdóttur.
Mynd, líklega Kristbjörn Einarsson, úr bók eða blaði.
Handskrifuð bók, líklega Sara D. W. Kristjánsdóttir sem skrifar, 14. nóvember 1910.
Draumur. Frásögn Söru D. W. Kristjánsdóttur, 15. apríl 1922.
Ljóð til Söru D. W. Kristjánsdóttur frá J.G., án árs.
Ljóð Söru D. W. Kristjánsdóttur til Önnu Gunnarsdóttur sjötugrar, án árs.
Vísa ort af Söru D. W. Kristjánsdóttur, 1. febrúar 1981.
Vísa til Söru D. W. Kristjánsdóttur frá Sóley í Hlíð, án árs.
Ljóð til Jóns Jónssonar og Jóhönnu Guðbrandsdóttur á silfurbrúðkaupsdegi þeirra 22. júní 1932, frá Kristbirni Einarssyni og Söru D. W. Kristjánsdóttur.
Þakkarbréf til Knattspyrnufélagsins Vals frá Söru D. W. Kristjánsdóttur og Kristbirni Einarssyni, 1933.
Ljóð til Söru frá Gerðu, án árs.

Posibók Söru D. W. Kristjánsdóttur, 1918-1920.
Vasabók, 1943.

Örk 5

Heillaskeyti til Kristbjörns Einarssonar og Söru D. W. Kristjánsdóttur á brúðkaupsdegi þeirra, 9. október 1920.

Heillaskeyti til Kristbjörns Einarssonar og Söru D. W. Kristjánsdóttur á silfurbrúðkaupsdegi þeirra, 9. október 1944.

Örk 6

Heillaskeyti til Kristbjörns Einarssonar, 1931, 1933-1935 og 1938.

Örk 7

Heillaskeyti og kort til Kristbjörns Einarssonar, 1941 og 1946.

Örk 8

Heillaskeyti og kort til Söru D. W. Kristjánsdóttur, 1935 og 1945.

Sara D. W. Kristjánsdóttir fimm tug, afmælisgrein úr dagblaði, 30. maí 1945.

Örk 9

Heillaskeyti og kort til Söru D. W. Kristjánsdóttur, 1949, 1955-1965, 1975, 1980.

Bók, líklega frá Söru D. W. Kristjánsdóttur, með afmælisvísunum 30. maí 1934, listum um lífeyrissjóðsgreiðslur og ellilaun 1967-1974. Aftast í bókinni eru ljóð og vísur, ráðherrabragur, prógram myndarinnar *Á hverfandi hveli* og handskrifaður miði frá Bjarna Benediktssyni frá janúar 1946.

Bók. Yfirlit yfir kaup, skatta og gjöld þeirra Egils, Kæju og Kristbjörns, 1935-1937.

Bók. Fremst í bókina er skrifað Guðjón Sigurðsson úrsmiður og síðan koma nafnadálkar viðskiptamanna og greiðslur. Inni í bókinni er hrakningasaga frá árinu 1896, yfirlit yfir vinnu hjá Jóni Sigurðssyni og dagbók frá árinu 1933-1935.

Ein gleðileg glóría um hjónin Hannes Thorarensen og Lovísu Bartels, á brúðkaupsdegi þeirra, 2. nóvember 1901.

Lítill vísa um Halla og Dísu, á brúðkaupsdegi þeirra, 6. nóvember 1909, tvö eintök.

Brúðkaupsljóð, Hedvig Bartels og Óli Blöndal, 12. apríl 1911.

Askja 2

Bréfa- og málafn 1910-1984.

Örk 1

Afmælis- sumar- og jólakveðjur frá ýmsum, 1917, 1934-1935, 1946-1948.

Örk 2

Ljóð til Rósu Friðriksdóttur, móður Söru, frá fjarlægri dóttur og ættfræði, án árs.

Ljóð, vísur, saga o.fl., án árs.

Dagbók. Líklega dagbók sem bæði Kristbjörn Einarsson og Sara D. W. Kristjánsdóttir hafa skrifað í. Dagbókin hefst með frásögn af ferð með strandferðaskipinu Esju austur um land og endar á skrifum af sjúkrahúsi, 18. mars 1975.

Örk 3

Samúðarkort, skeyti og ljóð, án árs.

Umslag.

Minningarkort í ramma um Guðrúnu Jónsdóttur er andaðist 21. nóvember 1918.

Umslag.

Minningarkort um Guðmund Kristbjörnsson er andaðist 14. mars 1920.

Minningarkort um Önnu Magneu Kristbjörnsdóttur er andaðist 4. apríl 1920.

Minningarkort um Guðrúnu Sigurborgu Kristbjörnsdóttur er andaðist 1. júní 1984.

Umslag.

Grafskrift, Jón Karel Kristbjörnsson er andaðist 17. júní 1933.

Kveðja, ljóð frá móður. Sara D. W. Kristjánsdóttir, 1933. Undirritað Á.

Föðurkveðja, ljóð, undirritað Ágúst Jónsson.

Minningargrein um Jón Karel, auglýsingar um andlát og jarðarför og minningarkort.

Umslag sem í eru ljósmyndir. Ljósmyndir af kistu Jóns Karels Kristbjörnssonar, 2 myndir.

Ljósmynd frá minningarathöfn um Jón Karel Kristbjörnsson á Íþróttavellinum 17. júní 1933 o.fl., 7 myndir.

Ljósmynd af íslenska fánanum, aftan á myndina er skrifað: Frá minningarathöfn í Vatnaskógi, er K.F.U.M- menn héldu minningu um Jón Karel Kristbjörnsson 1933.

Ljósmynd af fólki á götu, aftan á hana er líklega skrifað Hólmgeis, án árs.

Ljósmynd af hundi, án árs.

Ljósmyndir frá afhjúpun minnisvarða (í Hólavallakirkjugarði) um Jón Karel Kristbjörnsson,

19. desember 1934. Á tvær myndir er skrifað: Afhjúpun minnisvarðans 19. desember 1934 og aftan á

aðra þeirra er skrifað: Gleðilegt nýtt ár og þökk fyrir það liðna, Ólafur Sigurðsson. Aftan á stærstu

myndina er skrifað: F.v. Frímann Helgason, Hermann Hermannsson, Grímar Jónsson, Andres

Bergmann og Axel Þorbjörnsson. Alls eru þetta 4 myndir.

Umslag.

Minningarkort um Guðrúnu Benjamínsdóttur er andaðist 21. mars 1921.

Umslag.

Minningarkort um Kristbjörn Einarsson er andaðist 18. júní 1948 og stensill með mynd af honum.

Örk 4

Grafskriftir, þakkarkort o.fl., 1910-1958.

Askja 3

Bréfa- og málafn, prentað mál 1914-1980.

Örk 1

Afmælis- og minningargreinar, 1914-1980.

Umslag.

Blað með heimilisfangi og símanúmeri, án árs.

Gleraugna recept, Kristbjörn Einarsson, 8. janúar 1934.

Starfsmannafélag Reykjavíkur, ársskírteini, 1943.

Skömmmtunarseðlar frá 1949 og 1950.

Þrjónauppskrift.

Hekl uppskrift.

Kort, glansmyndir og tóm umslög.

Umslag. Með jólabréfi og jólakorti til Kristbjörns Einarssonar frá Krístrúnu Oddsdóttur í Cherrydale,

U.S.A. 1930. Fannst í bók í Víðistaðaskóla, sem gefin var frá Bókasafni Hafnarfjarðar (2012).

Prentað mál

Lög fyrir Félag pípulagningameistara Reykjavíkur, 1935.

MA- kvartettinn, söngvaskrá, án árs.

Heidelberg, leikendaskrá, án árs.

Rímur af Fram-bardaganum, hefti, án árs.

Happdrætti Háskóla Íslands, dagatal, 1941.

Hvítabandið 50 ára, afmælisrit, 1954.

Morgunblaðið, 18. ágúst 1961.